

GUÐBJÖRG R. JÓHANNESDÓTTIR
OG ÞORVARÐUR ÁRNASON

Inngangur að þema

Meðan bikaðir skuggarnir setjast að hinum Stóra Hvíta

þá fækkar fuglum á eyjunni hans.

Í takt við falska loftslagið.

Fjöruspoí? Sendlingur? Himbrimi?

Nú verður fuglagarg, kvak og tíst að fátíðnihljóði.

Í smáhúsinu mínu við fossinn, líka þar.

Flugur á fallanda fæti.

(Ef býflugan fer, þá förum við, sagði Einstein.

Að það mundi taka fjögur ár).

Hafið súrnar og plastvæðist.

Garmurinn fiskur étur plastið og við étum garminn.

Frýs í æðum plastblóð andskotans.¹

Á undanförunum áratugum hefur orðið æ ljósara hversu samofinn hagur manna og annarra, ómennskra' íbúa jarðarinnar í raun og veru er. Öll búum við á einni og sömu jörð og erum af henni komin. Mannkynið er ein af ótal

¹ Steinunn Sigurðardóttir, Fuglar himins og plasthafið, *Dimmunót*, Reykjavík: Mál og menning, 2019, bls. 77.



Ritið

3. tbl. 19. árg. 2019 (1-8)

© 2019 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.19.3.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

mörgum tegundum lífvera á jörðinni – við sem tilheyrum þessari tegund erum vissulega náskyld og ber því ákveðin frumskylda til að hlúa hvert að öðru. En lífrænn skyldleiki okkar ristir miklu dýpra; við eigum okkur formæður og nána ættingja í dýraríkinu og tengjumst raunar öllu sem lífsanda dregur vissum blóðböndum. Þegar öllu er á botninn hvolft felst kannski merkasta sérstaða mannsins í þeim hæfileika að geta sett sig í spor annarra einstaklinga, óháð tegund þeirra, og með því móti öðlast skilning á því sem gerir öðrum gott eða illt. Í gegnum slíka þekkingu getur í senn byggst upp heildarsýn á það sem skiptir máli – ekki aðeins fyrir mannkynið, heldur alla skepnu jarðar – og einnig skilningur á tengslum alls sem er á móður jörð, hvort heldur af mennskum uppruna eða ekki, lifandi eða lífvana. Við getum ef til vill ekki skoðað heiminn frá sjónarhóli jökuls, eldfjalls eða úthafs, en við getum skilið gerund eða gerendahæfni (e. *agency*) slíkra náttúruþyrirbæra og áhrifin sem þau hafa á líf okkar. Að sama skapi getum við líka áttað okkur á þeim áhrifum sem við manneskjurnar höfum á þau.

Í ljóði Steinunnar Sigurðardóttur, *Fuglar himins og plasthafid*, koma saman mörg þeirra umhverfisvandamála sem helst hafa verið til umræðu á síðustu árum; bráðnun jökla, fækkun fugla og skordýra (birtingarmyndir þess stórfellda útdauða tegunda sem nú er að öllum líkindum hafinn), súrnun sjávar, plastmengun í hafinu og áhrif örplastsins sem af henni hlýst innan alls vistkerfisins. Tilurð flestra ofangreindra vandamála má rekja til hamfarahlýnunar og þau ágerast jafnframt „í takt við falska loftslagið“. Hamfarahlýnunina sjálfa má síðan að stærstum hluta rekja til athafna mannkyns, einkum þá framleiðslu- og neysluháttá sem leiða til margfalt meiri losunar á koldíoxíði og öðrum svokölluðum ‚gróðurhúsalofttegundum‘ en líf-, efna- og eðliskerfi jarðar fá ráðið við.

Hamfarahlýnunin er þó ‚umhverfisvandamál‘ af allt öðrum toga en þau sem mannkynið hefur áður staðið frammi fyrir; hún snertir alla jörðina og allt sem á henni lifir, en jafnframt varðar hún mannkynið sjálft jafnvel enn meir en aðrar lífverur. Mannkynið mun ef til vill ekki deyja út sem *tegund* af völdum hamfarahlýnunar en allar líkur eru þó á að hún muni valda okkur miklum hörmungum og þá mest þeim okkar sem standa höllustum fæti nú þegar og eiga slíkar hörmungar allra síst skilið. Þennan nýja og áður óþekkta umhverfisvanda þurfum við mennirnir að læra að skynja innan frá – sem jarðarbúar – og þannig leiða fram, eða endurnýja, djúpan skilning á nánd okkar og sambandi við jörðina.² Hér hafa umhverfishugvísindin að okkar mati mjög mikilvægu hlutverki að gegna.

² Sjá: Páll Skúlason, *Hugleiðingar við Öskju*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.

Hugtakið umhverfishugvísindi kom fram á sjónarsviðið fyrir hálfum öðrum áratug eða svo. Ástralskir fræðimenn voru fyrstir til að koma auga á ákveðna þróun innan hugvísinda sem þeir tóku til marks um tilurð nýs rannsóknasviðs sem þeir kölluðu einu nafni ‚vistfræðileg hugvísindi‘ (e. *ecological humanities*). Sú nafngift varð þó fremur skammlíf, því fljótlega hófu menn að kenna þetta rannsóknasvið frekar við ‚umhverfishugvísindi‘ (e. *environmental humanities*) og hefur það nafn síðan fest í sessi.³ Í þrengsta skilningi má líta á hugtakið umhverfishugvísindi sem samnefnara allra einstakra undirgreina hugvísinda sem fást við samband manns og náttúru, eða tengsl mannkyns og jarðar, með einum eða öðrum hætti. Innan flestra, ef ekki allra, hugvísindagreina má núorðið finna slíkar undirgreinar, svo sem náttúru- eða umhverfissíðfræði (e. *environmental ethics*), vistrýni (e. *ecocriticism/environmental criticism*), umhverfislist (e. *environmental art/ecological art*), umhverfis-sagnfræði (e. *environmental history*) og vistguðfræði (e. *ecotheology*). Í víðasta skilningi nær hugtakið til allra rannsókna sem lúta að hinum mannlega þætti umhverfismála, óháð einstökum greinum. Umhverfishugvísindi í þessum síðari skilningi eru því ekki bundin við þær fræðigreinar sem okkur er tamast að telja til hugvísinda, heldur ná einnig til félags- og náttúruvísinda auk fjölmargra annarra fræðigreina, og jafnframt ekki síður til lista en vísinda.

Þessum breiða skilningi fylgir yfirleitt sýn á umhverfishugvísindin sem vettvang þverfaglegra (e. *interdisciplinary*) rannsókna fyrst og fremst. Umhverfishugvísindin eru samkvæmt þessari sýn ekki aðeins samheiti fyrir fjölmargar og ólíkar greinar vísinda og lista, heldur felur tilurð þeirra í sér ákveðið ákall til vísinda- og listaheimsins um að samþætta þekkingu sína í mun meira mæli en gert hefur verið til þessa. Í aðra röndina má líta á slíka hugsun sem viðbrögð við síaukinni sérhæfingu innan vísindanna og þar með einnig dýpkandi aðskilnaði einstakra greina frá hver annarri. Í hina röndina helgast slík hugsun af viðfangsefnunum sem við er að etja; viðfangsefni sem eru svo margþætt að engin vísinda- eða listgrein getur ein og sér öðlast heildarsýn á þau (hér má nefna landslag sem dæmi) eða viðfangsefni sem eru svo ný eða flókin að úrlausn þeirra kallar óhjákvæmilega á samtvinnun (e. *integration*) mjög fjölbreyttrar þekkingar (hamfarahlýnun er ‚skólabókar-dæmi‘ um viðfangsefni af þessum síðari toga). Inn í þennan skilning fléttast enn fremur sú hugsun að orsök þess margvíslega vanda sem steðjar að náttúru eða umhverfi sé í mörgum, ef ekki flestum, tilfellum að finna í athöfnum

³ Sjá nánar: Þorvarður Árnason, „Hvað eru græn hugvísindi eða umhverfishugvísindi?“, *Vísindavefur.is*, 24. mars 2014, sótt 12. desember 2019 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=66682>.

mannsins. Því sé afar hæpið að vinna að úrlausn slíks vanda án aðkomu þeirra greina sem mesta þekkingu hafa til að bera á manningum, mannlegu samfélagi og/eða menningu.

Tíminn einn getur leitt í ljós hvor sýnin á umhverfishugvísindin, hin þrönga eða breiða (eins og við köllum þær hér), verður á endanum yfirsterkari. Þróun rannsóknasviðsins á undanförunum áratug gefur vísbendingar um hvoru tveggja; annars vegar hafa nýlega verið gefin út fyrstu yfirlitsrit sem kenna sig við umhverfishugvísindi og taka þau flest þverfaglegan pól í hæðina⁴, en hins vegar má benda á þær ritraðir sem einnig kenna sig við sama heiti og samanstanda af fræðiritum sem oftast fást við viðfangsefni sín út frá sjónarhóli einstakra fræðigreina.⁵ Það er jafnframt fullkomlega ástæðulaust að búa til enn eina ‚gjána‘ innan heima vísinda eða lista – að þessu sinni þá milli þeirra sem kjósa að stunda faglegar rannsóknir og hinna sem kjósa frekar að sinna viðfangsefnum sínum með þverfaglegum hætti. Fjölbreytileikinn er ekki aðeins styrkur heldur hefur visst gildi í sjálfum sér og því ber að fagna sérhverju framlagi til umhverfishugvísinda, hvort sem það er unnið undir formerkjum faglegrar eða þverfaglegrar nálgunar.

Greinarnar sem birtast í þessu þemahefti sýna á glöggan hátt hversu víðfeðm og fjölbreytt umhverfishugvísindin eru. Við sjáum þar bæði dæmi um heimspekilegar, sagnfræðilegar og bókmenntafræðilegar greiningar sem og dæmi um þverfaglegar nálganir þar sem heimspeki mætir hönnun eða mannvistarlandfræði, og mannvistarlandfræði mætir umhverfisfræði, sagnfræði og dýrarannsóknum. Í greininni „Himnesk rödd en helvískur andi? Um friðun álfar á Íslandi og nýlega árekstra álfra og kornbænda“ fjalla þau Shauna Laurel Jones, Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson um gerendahæfni dýra og

⁴ Sjá t.d. *Humanities for the Environment: Integrating knowledge, forging new constellations of practice*, ritstj. Joni Adamson og Michael Davis, New York: Routledge, 2016; Robert S. Emmett og David E. Nye, *The Environmental Humanities: A Critical Introduction*, Cambridge, Massachusetts: MIT Press, 2017; *The Routledge Companion to the Environmental Humanities*, ritstj. Ursula K. Heise, Jon Christensen og Michelle Niemann, New York: Routledge, 2017.

⁵ Sjá t.d. ritröðina *Routledge Environmental Humanities* (<https://www.routledge.com/Routledge-Environmental-Humanities/book-series/REH>), *Environmental Humanities*, útgefandi Wilfrid Laurier University Press (<https://www.wlupress.wlu.ca/Series/E/Environmental-Humanities>), og *Studies in Environmental Humanities*, útgefandi Brill/Rodopi (<https://brill.com/view/serial/SEH>). Einnig bendum við á eftirfarandi tímarit: *Environmental Humanities* (<https://read.dukeupress.edu/environmental-humanities>), *Resilience: A Journal of the Environmental Humanities* (<http://www.resiliencejournal.org/>) og *Ecozon@: European Journal of Literature, Culture and Environment* (<http://ecozona.eu/>).

hvernig samsköpun mennskra og ómennskra gerenda á þeim veruleika sem þeir deila birtist í samskiptum mannfólks og álfta á Íslandi. Greinin varpar einnig ljósi á það hvernig ákvarðanir um náttúruvernd byggja oft á tíðum jafnt á huglægum forsendum og/eða menningarbundnum viðhorfum eins og á vísindalegri þekkingu, og hvernig aukin umsvif og landnotkun mannkyns á tímum mannaaldar (e. *anthropocene*) hafa haft áhrif á samskipti – og árekstra – á milli manna og dýra. Skyldan þráð tekur Unnur Birna Karlsdóttir upp í grein sinni „Um ást á öræfum og áhrif hennar á umræðu um verndun miðhálandisins“, en þar fjallar hún um það hvernig sú sýn á miðhálandið sem birtist í skrifum náttúruunnendanna Helga Valtýssonar og Guðmundar Páls Ólafssonar á 20. öld hefur öðlast sess í samtímanum sem hluti þeirra forsenda sem liggja að baki hugmyndum um stofnun hálandisþjóðgarðs. Þannig er sjónum lesenda aftur beint að því hvernig huglægar forsendur og menningarbundin viðhorf geta legið til grundvallar ákvörðunum um náttúruvernd.

Í grein Jóns Ásgeirs Kalmanssonar, „„Hið þanda segl, hinn rennandi lækur...“ Um tvenns konar nálgun á gildi náttúrunnar“ er að finna nánari greiningu á þeim ‚huglægum forsendum‘ sem þau siðferðilegu viðhorf sem ákvarðanatöku um náttúruvernd byggir á hljóta alltaf að eiga rætur sínar í. Í greininni varpar Jón Ásgeir í þessu samhengi ljósi á hvernig siðferðileg afstaða okkar er varðar gildi náttúrunnar byggir ekki síður á skilningi sem er mótaður af „innsæi, athygli og ímyndunaraffi af vissu tagi“ en af „röklegum og raunvísindalegum þáttum“. Eins og hann tekur til orða er „Hjartað og tilfinningarnar, ekki hugurinn og rökin [...] undirstaða siðferðilegs sambands okkar við náttúruna“ (bls. 75). Í greininni „Að fanga fagurferðilegt gildi landslags: Þróun aðferðafræði í rannsóknum við mat á landslagi“ eftir Eddu R. H. Waage og Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur, er snert á þeim forsendum sem liggja að baki ákvarðanatöku í umhverfismálum frá enn öðru sjónarhorni. Hugtakið og fyrirbærið ‚landslag‘ er miðpunktur umfjöllunarinnar sem snýr bæði að rannsókn á fagurferðilegu gildi landslags sem unnin var fyrir faghóp I í Rammaáætlun og þeim sögulega aðdraganda og samhengi landslagsrannsókna á Íslandi sem rannsóknin á rætur sínar í. Segja má að hér sé komið dæmi um hvaða áhrif umhverfishugvísindalegar nálganir eins og þær sem birtast í greinunum á undan geta haft á hagnýtar aðferðir við mat á gildum náttúrunnar. Það að viðurkenna að fullu að mörg þau gildi sem náttúran býr yfir eigi rætur sínar í upplifun og þeim tengslum sem upplifun getur skapað, m.a. í gegnum „innsæi, athygli og ímyndunaraffi“, hlýtur á endanum að hafa áhrif á hvaða aðferðum og hugtökum við beitum þegar gildi náttúrunnar eru metin í samhengi ákvarðanatöku.

Upplifun er áfram til umræðu hjá Tinnu Gunnarsdóttur sem segir í máli og myndum ferðasögu sína af rannsóknarleiðangri til Japans fyrir á árinu í grein sinni „Í leit að siðferðilegri vídd japanskrar fagurfræði.“ Tinna lýsir upplifun sinni af framandi landslagi af næmni og gefur innsýn í þau hughrif sem hin siðferðilega vídd japanskrar fagurfræði kallar fram. Hér fá lesendur innsýn í hvaða áhrif það getur haft að leyfa ekki einungis ‚huglægum‘, fagurferðilegum og siðferðilegum forsendum að hafa áhrif á ákvarðanir okkar um verndun náttúru heldur líka á ákvarðanir okkar um inngríp í og mótun á náttúrunni. Harpa Rún Kristjánsdóttir og Atli Antonsson loka þemaheftinu með því að kippa lesendum á snarpan hátt inn í samtímamann, og jafnvel framtíðina, í bókmenntafræðilegum greiningum sínum á bókunum *Hrímland* eftir Alexander Dan Vilhjálmsson og *Fjallið sem ypti öxlum* eftir Gísli Pálsson.

Grein Hörpu Rúnar, „Seiðpönkuð samfélagsádeila: Virkni íslenskrar menningar og náttúru í ádeiluþáttum ólandssögunnar *Hrímlands* eftir Alexander Dan Vilhjálmsson“ dregur fram hvernig sá ólands- og furðusögu heimur sem birtist í *Hrímland* varpar ljósi á þá togstreitu sem segja má að einkenni samtímamann á milli framsækinnar vísindahyggju og náttúrusýnar sem byggir á fornum og djúpstæðum rótum. Harpa Rún lýsir m.a. hvernig mikilvægur þáttur í ádeilu bókarinnar felst í „afturhvarf[i] til fornrar náttúruskoðunar, sem kallast á við hugmyndir samtímans um þörfina á breyttu sambandi manns og náttúru“ (bls. 166). Í grein Atla Antonssonar, „Eldrit á mannöld: *Fjallið sem ypti öxlum* eftir Gísli Pálsson og bókmenntir á tímum loftslagsbreytinga“ koma ýmsir þræðir þemaheftisins saman. Að þessu sinni er það ekki einungis gerendahæfni dýra, landslags eða umhverfis sem er til umræðu, heldur einnig gerendahæfni einstakra náttúruyfyrirbæra svo sem eldfjalla, grjóts og hrauns. Um leið og Atli greinir bók Gísli sem hluta af nýju bókmenntagreininni ‚bókmenntir mannaaldar‘ fjallar hann um þau meginhugtök sem Gísli beitir í skrifum sínum um stöðu mannkyns á mannöld eða gagnvart henni. Hugtökin ‚mannöld‘, ‚bólstaður‘, ‚nánd jarðar‘ og ‚jarðsambönd‘ eru sett í samhengi umhverfishugvísinda og mannaaldarfræða, en segja má að í þessum hugtökum, rétt eins og í hugtakinu landslag, felist lýsing á því hversu samofin maður og náttúra eru.

Eins og Gísli og Atli draga fram í skrifum sínum kallar sú djúpstæða kreppa sem blasir við mannkyni jarðar á okkar tímum á nýjar nálganir, ný hugtök og nýja skörun á milli fræðasviða, sem og á milli fræðimanna og almennings, og jafnvel fræðastarfs og stjórnsýslu. Sá mannskilningur og sú heimssýn sem birtist okkur í þessu þemahefti byggir að miklu leyti á tengslaverufræðilegri nálgun, þ.e. á þeirri hugmynd að nánd okkar við jörðina og jarðsamböndin

sem við eigum við hana liggi til grundvallar allri þeirri þekkingu, gildum og merkingu sem við finnum í heiminum. Þessi mannskilningur virðist smátt og smátt vera að koma í stað mannskilnings sem byggir á aðskilnaði og einstaklingshyggju og mun því að öllum líkindum varða veg okkar inn í framtíðina. Segja má að það sé hlutverk hug- og félagsvísinda og lista að fjalla um samband manns og heims og setja fortíð, nútíð og framtíð þessa jarðsambands í samhengi þannig að úr verði skynjanleg heild. Leit að slíkri heildarsýn og ákall eftir samtali á milli ólíkra rannsóknarsviða er það sem einkennir íslensk umhverfishugvísindi. Eins og Andri Snær Magnason dregur svo skýrt fram í bók sinni *Um tímann og vatnið*⁶ þurfum við aðstoð þeirra sem kunna að segja sögur til að skilja að aðgreining manns og náttúru er úrelt, og til að skilja þá nýju tímavídd í sögu mannsins sem við horfumst nú í augu við í andlitum framtíðarinnar í föstudagsverkföllum. Við þurfum sögur sem sagðar eru frá sjónarhorni fyrstu persónu og lýsa tengslum okkar við jörðina til að geta tileinkað okkur þann nýja mannskilning sem nú þegar er farinn að einkenna 21. öldina. Þau vísindi sem beina sjónum sínum að mannum – listirnar, hugvísindin og félagsvísindin – gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi, og ekki síður samtali þeirra á milli og við önnur svið vísindanna. Nú á tímum sem margir hafa kallað krísu hugvísindanna, sýna umhverfishugvísindin þannig glöggt hversu fráleitt það er að telja hugvísindin gagnslaus í samtímanum.

GUÐBJÖRG R. JÓHANNESDÓTTIR

Lektor við Listkennsludeild

Listaháskóli Íslands

Laugarnesvegur 91

IS-104 Reykjavík, Ísland

gudbjorg@lhi.is

Nýdóktor við Heimspekistofnun

Háskóli Íslands

Sæmundargötu 2

IS-102 Reykjavík, Ísland

gudbjorg@hi.is

ÞORVARÐUR ÁRNASON

Umhverfis- og náttúrufræðingur

Forstöðumaður Rannsóknaseturs

Háskóla Íslands á Hornafirði

Nýheimar, Litlubrú 2

IS-780 Hornafjörður, Ísland

thorvarn@hi.is

⁶ Andri Snær Magnason, *Um tímann og vatnið*, Reykjavík: Mál og menning, 2019.

